

Íslenskir fjárfestar ehf.

Efnahags- og viðskiptanefnd.
215. mál, fjármálafyrirtæki.

26. gr. - starfsheimildir verðbréfamiðlunar

Við viljum íteka kröfur okkar um það, að fá að stunda verðbréfamiðlun á Íslandi, samkvæmt íslenskum lögum, og vísum af því tilefni í stjórnarskrárvarinn rétt okkar. Við förum ekki fram á einhvern Evrópu-passa útgefinn okkur til handa, samkvæmt tilskipun frá Brüssel.

Okkur er tjáð af lögfróðum mönnum að það sé ekkert í Evrópureglunum sem banni annars konar rekstur innan Evrópusambandsins, hvað þá á Íslandi, sem ekki er aðili, og mun væntanlega aldrei verða aðili að Evrópusambandinu.

Það að taka verðbréfamiðlanir einar út úr eins og gert er í 2. mgr. 26. gr. og meina þeim einum að stunda viðskipti fyrir eigin reikning, sem þó öllum einstaklingum og lögaðilum er heimilt að stunda, viðheldur aðeins því misrétti sem verðbréfamiðlanir hafa orðið að búa við undanfarin ár skv. núgildandi lögum.